

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar,
skipulagsstjórn,
Strandgötu 6,
220 Hafnarfirði.
bjarkij@hafnarfjordur.is

Reykjavík, 25. mars 2014.

Auglýsing um tillögu að aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025.

Vísað er í auglýsingu í Fréttablaðinu, 24. febrúar 2014 þar sem auglýst er tillaga að aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Vísað er í bréf eigenda jarðarinnar Selskarðs til Hafnarfjarðarbæjar, dags. 17. október 2005, 18. apríl 2006 og fjöldan allan af fyrri bréfum, m.a. bréf, dags. 19. apríl 2013 (því bréfi hefur ekki verið svarað enn), þar sem gerðar hafa verið athugasemdir við skipulagsmál í Hafnarfjarðarbæ vegna eignarréttinda jarðarinnar Selskarðs.

Aftur er vakin athygli aðila hjá Hafnarfjarðarkaupstað á því, að jörðin Selskarð á beitarrétt á stórum hluta lands Hafnarfjarðarbæjar og sem áform virðast vera um að nýta með ýmsu móti af bæjarfélaginu án samráðs við eigendur landsréttinda. Um stærð og staðsetningu lóðarinnar er vísað í lög nr. 13 frá 1912 og sölusamning, dags. 30. ágúst 1913, þinglýst 4. október 1913 um kaup Hafnarfjarðarkaupstaðar á landi samkvæmt landamerkjum, eins og þau eru afmörkuð í 1. gr. fyrrgreindra laga. Auk þess er vísað í bókun um samkomulag hjá Héraðsdómi Reykjavíkur 14. apríl 2004 þar sem fulltrúar Vegagerðar ríkisins og Hafnarfjarðarbæjar mótmæla því ekki að jörðin eigi þennan beitarrétt. Vegagerð ríkisins mótmælir því hins vegar að umræddur réttur hafi fjárhagslega þýðingu fyrir eigendur. Sjá fyrrgreint bréf, dags. 17. október 2005 m.a. um það hversu mikil verðmæti geta legið í beitarrétti. Skipulagsstofnun var sent afrit af þessu bréfi.

Eignarréttur Hafnarfjarðarkaupstaðar á þessu landi takmarkast af eignarrétti jarðarinnar Selskarðs sem fyrir var á eigninni, sbr. fyrrgreint afsal (*Qui prior est tempore, potior est jure* – sá sem fyrir er í tíma gengur framur lögum. Réttur manna ræðst af tímaröð; sá sem er fyrri til öðlast meiri rétt. Þetta er grundvallarregla mannréttinda). Eignarréttur jarðarinnar Selskarðs er friðhelgur, samkvæmt stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Aðalskipulag Hafnarfjarðar er það hins vegar ekki. (Friðhelgur = friðlýstur, sem ekki má ráðast á; ekki má skemma, hreyfa við, íslensk orðabók Menningarssjóðs). Jörðin Selskarð átti landspilduna tiltölulega fyrir með öllum gögnum og gæðum, og réttindum, til lands og sjávar, sem seld var Hafnarfjarðarkaupstað 1913. Þegar spildan var seld var beitarréttur jarðarinnar Selskarðs undanskilinn og áskilinn jörðinni svo sem verið hafði. Það er því gert að skilyrði að jörðin eigi beitarrétt á spildunni og engin breyting hefur orðið á því. Eigendur jarðarinnar Selskarðs hafa aldrei verið löglega sviptir þessum réttindum né hafa þeir afsalað sér þeim. Eins og samningurinn 30. ágúst 1913 ber með sér þá eignaðist Hafnarfjarðarkaupstaður ekki spilduna, með öllum gögnum og gæðum og réttindum til lands og sjávar, heldur takmarkaðan rétt. Hafnarfjarðarkaupstaður eignaðist ekki aðalrétt lóðarinnar, sem var beitarrétturinn á þessum tíma.

Vísað er til þess, að Hafnarfjarðarbær hefur gengið frá yfirtöku á lóðum vegna afnotaréttinda á þessu svæði og greitt fullt verð fyrir. Svo virðist sem um hafi verið að ræða erfðafesturéttindi sem ólöglega var stofnað til án samráðs við eigendur beitarréttar. Þinglýst landsréttindi jarðarinnar Selskarðs á svæðinu, sem dómur hefur staðfest, eru hins vegar eignarréttindi.

Beitarréttur jarðarinnar var ekki aðeins nýttur af eigendum heldur hefur hann einnig verið leigður út. Það var t.d. gert 1966-1967 og er getið um það í opinberri jarðaskrá. Ennfremur er upplýst að samkvæmt heimildum Fasteignamats ríkisins frá 2. maí 1969 var jörðin Selskarð leigð til beitar. Engar athugasemdir voru gerðar við þessa ráðstöfun á beitarrétti jarðarinnar, hvorki af Hafnarfjarðarkaupstað né öðrum.

Það er krafa eigenda beitarréttar jarðarinnar Selskarðs að Hafnarfjarðarbær hafi skipulag sitt og framkvæmdir í því sambandi í samræmi við eignarrétt jarðarinnar Selskarðs og afli sér án tafar löglegra umboða og heimilda áður en hann ráðstafar landsréttindum löglegra eigenda á þessu svæði.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd eigenda lögbýlisins og jarðarinnar Selskarðs



Jón Lárusson,
Sólheimum 23, 104 Reykjavík, s. 869 6719.
jon.larusson@reykjavik.is



Björn Erlendsson,
Aðallandi 15, 108 Reykjavík, s. 5531721.
bjorn.erlends@gmail.com

Meðfylgjandi:

1. Selskarð 8 skjöl.
2. Selskarð uppdráttur heimaland, óskipt land og beitarréttareign.

Afrit: Skipulagsstofnun ríkisins.
Skipulagsstjóri Ásdís Hlökk Theódórsdóttir,
asdishlokk@skipulagsstofnun.is

Umhverfissráðuneytið.
Umhverfissráðherra Sigurður Ingi Jóhannsson,
postur@umh.stjr.is
sigurdur.ingi.johannsson@anr.is